

greidd einhver þóknun fyrir ómak sitt, hefur sú venja myndast, að minnsta kosti í suð- 81  
 uramtinu og vesturamtinu, að greiða fyrir endurbólusetningu helming þeirrar borgunar, 18. júní.  
 sem eptir ofan nefndu konungsbrjefi frá 1830 á að greiðast fyrir bólusetningu í fyrsta  
 sinn, en þarð bólan kemur miklu sjaldnar út á þeim, sem eru endurbólusettir, og ó-  
 makslaunin fyrir endurbólusetninguna þessvegna opt mundu verða næsta lítil, ef þessi  
 lága borgun væri bundin því skilyrði, að bólan kæmi út, hefur að vísu stundum verið  
 veitt borgun fyrir endurbólusetningu, án tillits til þess, hvort bólan hefur komið út eða  
 ekki, en hitt sýnist þó vera hið eðlilegasta í sjálfu sjer, að skilyrðið fyrir borguninni sje  
 hið sama, hvort sem er að ræða um endurbólusetningu eða bólusetningu í fyrsta sinn.

Jeg finn því eptir atvikum ekki næga ástæðu til að breyta hinum ofan um-  
 getna úrskurði yðar, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að tilkynna kærandanum  
 þessi úrslit málsins.

**Brjef landshöfðingja til landlæknisins um heimild smáskamtalækna til lyfja- 82**  
 verzlunar. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 20. þ. m., hafið þjer, herra landlæknir, eptir 21. júní.  
 beiðni hjeradslæknisins í 9. læknishjeraði, gjört fyrirspurn til mín um það, hvort skottu-  
 læknar, er nefna sig smáskamtalækna, hafi heimild til að reka nokkra lyfjaverzlun á  
 Íslandi.

Útaf þessu læt jeg ekki hjálða að gefa yður til vitundar, að eins og yður mun  
 vera kunnugt hafa apotekararnir einkaleyfi til meðalaverzlunar, og að það er vitaskuld,  
 að skottulæknar ekki hafa heimild til að brjóta á móti þessu einkaleyfi, þótt þeir kalli  
 sig smáskamtalækna.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um hallærislán. — 83**  
 Með þessu brjefi veitti landshöfðingi Skagafjarðarsýslu 1000 kr. lán úr viðlagasjóði til 25. júní.  
 að afstýra hallæri í sýslunni, en amtsráðið hafði áður veitt samþykki sitt til lántöku  
 þessarar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um lán 84**  
 handa Strandasýslu til að kaupa fyrir þjargræðisgripi. — Með þessu brjefi veitti 2. júlí.  
 landshöfðingi Strandasýslu 6000 kr. lán úr viðlagasjóði til að kaupa fyrir þjargræðisgripi  
 handa þurfandi sýslubúum, en amtsráðið í vesturamtinu hafði á fundi sínum 18. og 19.  
 júní samþykkt lántöku þessa.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um með- 85**  
 ferð á eptirskildum fjármunum strókumanns. — Í þóknanlegu brjefi frá 6. febr. þ. á., 8. júlí.  
 hafið þjer, herra amtmaður, í tilefni af hvarfi Hjartar nokkurs Jónssonar úr Saurbæjar-  
 hreppi í Eyjafjarðarsýslu, borið upp þá fyrirspurn, hvernig framvegis skuli farið með  
 þær eignir þessa manns, sem hann hefur skilið eptir, og hvort nokkuð geti verið því  
 til fyrirstöðu, að farið verði í þessu tilfelli eptir 6. og 7. gr. í tilsk. 11. sept. 1839,  
 þótt lagaboð þetta sje eigi lögleitt á Íslandi.